

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. mars 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-79/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 10. október sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna bifreiðar, sem hann keypti í gegnum uppboðsvef Y, hér eftir einnig nefndur gagnaðili. Álitsbeiðandi krefst þess að aðallega að kaupunum verði rift og gagnaðili greiði sér skaðabætur, en til vara að gagnaðili taki þátt í helmingi kostnaðar við að gera við bifreiðina.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 18. október sl., gaf kærunefndin gagnaðila kost á andsvörum og bárust þau hinn 1. nóvember. Með bréfi, dags. 7. nóvember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 21. nóvember. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 af þriðja aðila á uppboðsvefsíðu hinn 16. apríl 2012. Bifreiðin er af gerðinni Peugeot 206, árgerð 2005, nýskráð 17. nóvember 2005, ekin 118.154 km. á kaupdegi og kaupverð var kr. 468.000.

Álitsbeiðandi kveðst hafa gert tilboð í bifreiðina hinn 12. apríl 2012 eftir að hafa í tvígang talað við sölumann hjá vefsíðunni sem hafi tjáð honum að um mjög góð kaup væri að ræða og bifreiðin í góðu ásigkomulagi líkt og fram hefði komið á uppboðssíðunni. Segir álitsbeiðandi að í ljósi þessara upplýsinga hafi hann afráðið að skoða bifreiðina ekki sjálfur, enda búsettur á Akureyri, og þess í stað fengið frænda sinn til að skoða bifreiðina. Skoðaði sá bifreiðina og prufukeyrði og tjáði álitsbeiðanda að sennilega væri afturdemparar ekki góðir og gerði álitsbeiðandi athugasemd við það áður en gengið var frá kaupunum hinn 16. apríl.

Hinn 22. apríl fékk álitsbeiðandi systur sína til að aka bifreiðinni norður til Akureyrar og þegar hún hafði ekið henni langleiðina norður hætti miðstöð bifreiðarinnar að hita. Þetta þótti álitsbeiðanda einkennilegt og taldi það benda til að ekki væri í lagi með vatnsbúskap bifreiðarinnar. Segir álitsbeiðandi að fleira hafi átt eftir að koma í ljós eftir að bifreiðin komst undir hans hendur. Fékk hann því bifvélavirkja til að líta á bifreiðina. Í umsögn bifvélavirkjans, sem er meðfylgjandi álitsbeiðni, kemur fram að álitsbeiðandi hafi beðið um skoðun á bifreiðinni og kvartað undan því að bifreiðin virtist illa viðgerð eftir tjón, hurðir og annar frágangur lélegur, vélin leki olú og hitnaði óeðlilega ásamt því að miðstöð hitnaði ekki og bifreiðin skrölti mikið. Við fyrstu skoðun bifvélavirkjans hafi sést vel að bifreiðin hafi verið máluð nýlega og undirbúningur undir málningu hafi verið lélegur. M.a. væri frágangur á vinstra frambretti og hurð með þeim hætti að hurðarrifa var verulega skökk. Við nánari skoðun hafi síðan komið í ljós að viðgerð á framhluta bifreiðarinnar hafi verið verri en engin. Báðir grindarkjálkar væru skakkir og brot í þeim ásamt því að hægra megin hafi framstykki verið rífið við grindarbita og við fyrri viðgerð hafi það ekki verið soðið rétt saman þannig að rifan gapti. Plast framstykki hafi verið brotið ásamt hægra aðalljósi og húdd, sem skipt hafði verið um hafi verið svo ryðgað að göt hafi verið á því framanverðu. Vél bifreiðarinnar læki

nokkurri olíu með heddþakningu, en olíugangur upp að knastás gengi í gegnum heddþakninguna. Einnig virtist bifreiðin tapa kælivökva og taldi bifvélavirkinn að kælivökvinn læki inn á silender. Skrölt í bifreiðinni yrði rakið til þess að mikið slag væri í hægri afturklafa og slag í vinstri stýrslíð. Þá lægju bremsur út í á vinstra framhjól og hægra afturhjól og varadekksfelga ónýt eftir ákomu. Taldi bifvélavirkinn að kostnaður við lagfæringar væri umfram verðgildi bifreiðarinnar.

Álitsbeiðandi bendir á að á uppboðssíðunni hafi verið svohljóðandi ástandslýsing fyrir bifreiðina: „Ný tímareim 114 þúsund skoðaður 12 og í mjög góðu standi.“ Þessa lýsingu telur álitsbeiðandi alfarið vera lýsingu bifreiðauppbóðsins, þar sem annað hefði ekki komið fram. Síðar hafi þó komið í ljós að lýsingin var höfð eftir fyrri eiganda bifreiðarinnar, en það hafi þó ekki komið fram á sölusíðunni. Segir álitsbeiðandi að lýsingin, ásamt samtali við sölumann Y ráðið úrslitum um kaup sín á bifreiðinni. Kveðst álitsbeiðandi hafa hvort tveggja reynt að ná sambandi við seljanda bifreiðarinnar og starfsmenn bifreiðauppbóðsins, bæði símleiðis og með tölvupósti, en án árangurs. Hafi númerin verið tekin af bifreiðinni hinn 29. júní sl. og lögð inn til Frumherja á Akureyri. Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi þess aðallega að kaupunum verði rift og gagnaðili greiði sér skaðabætur, en til vara að gagnaðili taki þátt í helmingi viðgerðarkostnaðar bifreiðarinnar.

IV

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum gagnaðila, rituðum af framkvæmdastjóra félagsins, kemur fram að gagnaðili telji að kröfur álitsbeiðanda eigi að beinast að seljanda bifreiðarinnar, en ekki gagnaðila, enda hafi gagnaðili einungis verið milliliður í viðskiptum álitsbeiðanda og seljanda. Álitsbeiðandi hafi keypt bifreiðina í gegnum uppboðsvef sem rekinn sé af systurfélagi gagnaðila, Z. Þegar tilboð séu gerð í bifreiðir á vefnum samþykki bjóðandi með rafrænum hætti skilmála tilboðsgjafa en í þeim skilmálum segi m.a. að Z sé milliliður í viðskiptum seljanda og kaupanda og ekki samábyrgt seljanda vegna skyldna hans. Þá komi skýrt fram á upplýsingasíðu fyrir hverja bifreið á uppboðssíðunni að áriðandi sé að bjóðendur skoði uppboðsmuni áður en boð séu gerð þar sem myndir geti ekki lýst fullkomlega ástandi bifreiðar. Sú lýsing sem fylgdi bifreiðinni hafi verið samhljóða þeim upplýsingum sem eigandi bifreiðarinnar gaf skriflega á sölubeiðni til Z. Það sé því rangt að lýsingin sé alfarið Z enda hafi hvergi verið gefið til kynna að Z skoðaði þær bifreiðar sem seldar væru á vefnum. Reynist það rétt að upplýsingarnar sem seljandi gaf séu rangar þá kunni það að vera forsenda fyrir riftun kaupanna, en það komi skýrt fram í skilmálum tilboðsgjafa sem álitsbeiðandi samþykkti, að Z sé ekki samábyrgt seljanda og því geti kröfur um ranga upplýsingagjöf einungis snúið að seljanda bílsins, þ.e. fyrri eiganda.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör gagnaðila

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör gagnaðila kemur fram að líkt og í svari gagnaðila sé lýsing á bifreiðinni á ábyrgð seljanda hennar, en lýsingin sé hins vegar lögð þannig fram á uppboðsvefnum að um sé að ræða lýsingu gagnaðila, enda komi hvergi fram að gagnaðili skoði ekki sölubifreiðar. Á fylgiskjali með andsvörum gagnaðila hafi álitsbeiðandi fyrst séð að það sé seljandi sem gefur upplýsingar um ástand bifreiðarinnar en ekki gagnaðili. Þetta telur álitsbeiðandi haf átt að koma fram á uppboðsvefnum. Þá hafi bifreiðin vissulega verið skoðuð fyrir kaupin, en flest af því sem ami að bifreiðinni hafi ekki komið í ljós fyrr en við skoðun bifvélavirkja, líkt og rakið hafi verið í álitsbeiðni og fylgigögnum með henni.

VI

Niðurstaða kærufundarinnar

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitseiddanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í kaupsamningi og afsali um umrædda bifreið kemur fram að kaupandi hennar sé álitseiddandi, en seljandi er A. Um þetta er ekki deilt í málinu. Álitseiddandi hefur hins vegar kosið að beina kröfum sínum að systurfélagi einkahlutafélags þess er hélt utan um sölu bifreiðarinnar gegnum uppboðsvef. Þar sem umrædd félög eru sem fyrr segir systurfélög og andsvör rituð af framkvæmdastjóra beggja félaganna, telur kærufndin það ekki kom að sök hér, að álitseiddandi beindi kröfu sinni að því félagi sem ekki hefur með umræddan uppboðsvef að sýsla. Í skilmálum kaupsamningsins og afsalsins kemur fram að umrætt einkahlutafélag sé aðeins milliliður í viðskiptunum og ekki samábyrgur seljanda vegna skyldna hans. Kærufndin telur ljóst að kröfu álitseiddanda um riftun og/eða skaðabætur vegna bifreiðakaupana verði ekki beint að umræddu einkahlutafélagi heldur verður að beina slíkum kröfum að fyrrum eiganda og seljanda bifreiðarinnar. Þetta leiðir hins vegar til þess að óhjákvæmilegt er að vísa álitseiddni þessari frá kærufndinni.

VI

Álitseidd

Kröfum álitseiddanda, X, er vísað frá kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir